

Miðvikudaginn 18. júní 1986.

Nr. 188/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 21. maí sl. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á að þörf sé nú framhalds á gæslu vegna rannsóknarnauðsynja eða af öðrum ástæðum. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 12. júní er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa yfirsakadómarara, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Björgólfi Guðmundssyni, fæddum 20. janúar 1941, til heimilis að Hofsvallagötu 1, Reykjavík verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní 1986, kl. 17:00, en fyrri gæsluvarðhaldstími kærða átti að renna út í gær kl. 17:00.

Kærði er grunaður um brot á XVII. og XXVI. köflum almennra hegningarlaga og lögum nr. 32, 1978 um hlutafélög.

Réttargæslumaður kærða fyrir hans hönd mótmælir kröfunni.

Málavextir:

Nú stendur yfir umfangsmikil rannsókn hjá RLR á þrotabúi Hafskips hf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985 í skiptarétti Reykjavíkur.

Rannsókn RLR beinist að því að kanna hvort forráðamenn félagsins hafi gerst sekir um stórfellt misferli með fjármuni þess.

Rannsóknin hingað til hefur einkum beinst að því hvort uppgjörsreikningar ársins 1984 hafi verið rangfærðir, hvort vaktar hafi verið rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbankans um verðgildi eigna félagsins með tilliti til veðsetningar og að síðustu hvort forsvarsmenn Hafskips hf. hafi misnotað hlaupareikninga félagsins.

Rannsókn á ofangreindum þáttum hefur miðað vel en þess ber þó að gæta að ýmsir þættir aðrir en að ofan greinir eru skemmra á veg komnir þótt e.t.v. séu þeir ekki eins umfangsmiklir og þeir er þegar hafa verið upptaldir.

Sex menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 21. maí sl. en fjórum þeirra hefur þegar verið sleppt og sitja enn eftir kærði og Ragnar Kjartansson.

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið þykir ljóst að 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 á við um gæsluvarðhaldskröfu þá sem hér er til umfjöllunar, enda ótækt að kærði geti borið sig saman við meðákærðu og aðra og þannig torvelað rannsókn málsins, enda er kærði grunaður um stórfellt fjármálamisferli.

Það athugast að kærði var aðeins tvívegis yfirheyrður frá handtöku og allt til 2. júní sl. og er meginþorri skýrslna þeirra sem liggja fyrir af kærða tilkomnar eftir þann tíma. Er það haft í huga við ákvörðun gæsluvarðhaldstíma.

Með vísan til framanritaðs þykir verða að taka kröfu RLR til greina að gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00, enda þykir kröfunni í hóf stillt miðað við umfang og framgang málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Björgólfur Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.